

Birtingar á samfélagsmiðlum

Kærar þakkir fyrir að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni með okkur og leggja þitt lóð á vogarskálarnar í baráttunni við kynferðisofbeldi gegn börnum. Þín þátttaka skiptir máli!

Við biðjum þig að taka ljósmynd eða myndband og pósta á samfélagsmiðla nú í apríl

Til að auðvelda þér að taka þátt eru hér einfaldar leiðbeiningar:

1. Taktu ákvörðun um hverju þú vilt lofa börnum. Hafðu það eitthvað sem þú veist að þú munt standa við
2. Lakkaðu neglur á litla fingri með djúpgrænum lit. *(Ef þú hefur ekki naglalakk þá má sleppa þessum lið)*
3. Kræktu saman litlu fingrum beggja handa eins og þú sért að gefa litlaputta loforð. Ef einhver er með þér getið þið krækt litlu fingrum ykkar saman.
4. Póstaðu myndinni á samfélagsmiðla (story eða feed) og taggaðu @barnaheill. Skrifaðu undir myndina #ÉGLOFA og hverju þú lofar. *(sjá hugmyndir hér fyrir neðan)*
5. Þú mátt svo endilega hvetja aðra til að taka líka þátt, því fleiri sem taka þátt því meiri meðvitund um málefnið og fleiri börn upplifa sig örugg.

Hér má sjá hugmyndir að setningum. Þið getið valið eina af þessum eða búið til ykkar eigin.

Markmiðið er að þið lofið að gera eitthvað til að vernda börn samfélagsins betur.

ÉG LOFA AÐ...

- ✓ líta ekki undan
- ✓ hlusta
- ✓ tilkynna grun um ofbeldi
- ✓ skipta mér af óeðlilegum samskiptum fullorðins og barns
- ✓ fylgjast með rauðu flöggunum
- ✓ bregðast við
- ✓ trúá
- ✓ veita stuðning
- ✓ fræða barnið mitt um hættur á netinu

Ef eitthvað er óljóst þá skulið þið endilega heyra í okkur á barnaheill@barnaheill.is